



STARFSÁÆTLUN

SKÓLAÁRIÐ 2017-2018

LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1. Leikskólastarfið í Álfheimum	4
1.1. Áherslur í starfi Álfheima 2017-2018.....	5
1.2. Leikskóladagatalið.....	8
2. Stjórnskipan Álfheima	9
3. Mat á skólastarfi.....	10
3.1. Matsáætlun 2017-2021	11
4. Símenntunaráætlun Álfheima	12
5. Yfirlit yfir símenntun.....	13

Leikskólinn Álfheimar

Heimilisfang: Sólvöllum 6, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-3240

Netfang: alfheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://alfheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfsemi leikskólans. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Við gerð starfsáætlunar er horft til þess sem lög um leikskóla kveða á um, aðalnámskrár leikskóla, skólastefnu Árborgar og skólanámskrár. Einnig byggir áætlunin á umbótum sem stefnt er að í skólastarfinu.

Hér gefur að líta starfsáætlun leikskólans Álfheima skólaárið 2017–2018 en hún er hugsuð sem leiðarvísir að því starfi sem fer fram í leikskólanum.

Selfoss, 15. nóvember 2017

Jóhanna Þórhallsdóttir
Leikskólastjóri Álfheima

Einkunnarorð Álfheima

Virðing, hlýja, traust

1. Leikskólastarfið í Álfheimum

Hugmyndafræði og uppeldisleg sýn Álfheima er í stöðugri mótun þar sem áhersla er lögð á samskipti og vellíðan í leik og starfi auk virðingar fyrir náttúrunni.

Markmið og leiðir

1. Að starfsfólk sýni börnunum virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengni.
2. Að barnið fái ábyrga og faglega umönnun bæði andlega og líkamlega.
3. Í Álfheimum eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.
4. Að uppeldisstarfið sé unnið í nánu samstarfi við foreldra.
5. Öll samskipti mótist af **virðingu, hlýju og trausti**.

Þær kenningar sem fjalla um leik barna og samskipti manna, hafa verið starfsfólki Álfheima hugleiknar í gegnum tíðina. Boðskipta-kenning Gregory Bateson (1905-1980) bandarísks félagsmannfræðings ber þar hæst. Boðberar hennar þær Birgitta K. Olofson sænskur lektor í uppeldis- og sálarfræði, og Berit Bae doktor í uppeldisfræði við Háskólann í Osló hafa með rannsóknum sínum á leik barna komist að því, eins og Bateson, að leikurinn er fyrst og fremst boðskipti. Kenningin fjallar um það sem fram fer í samspili barna í leik, á hvaða stigi boðskiptin eru og hvaða boðskipta- eða samskiptamynstur þau endurspeгла.

Áhersla er lögð á góð samskipti milli barna og fullorðinna, milli barna og barna og milli fullorðinna og fullorðinna, sem byggjast á virðingu, hlýju og trausti.

1.1. Áherslur í starfi Álfheima 2017-2018

Í skólastarfinu er stöðugt verið að vinna að umbótum þar sem stefnt er að því að gera eins vel og hægt er hverju sinni.

Á síðasta skólaári var hópavinna á starfsdegi þar sem allt starfsfólk ræddi framtíð Álfheima og hvernig við sjáum faglegt starf fyrir okkur á næstu 5 árum. Í ár verður haldið áfram með þessa vinnu. Helstu þemu sem komu út úr vinnunni voru: umhverfismennt, sérkennsla, verkefni deildarstjóri, þróunarverkefni, faglegt starf, mat, dyggðakennsla, fjölmennning og foreldraviðtöl.

Í vetur heldur áfram sú vinna sem hafin var í fyrra í tengslum við þróunarverkefnið námsmat á mörkum skólastiga. Markmiðið í ár er að ljúka við gerð námsmatshandbókar og halda áfram að þróa ferilmöppur í leikskólastarfinu.

Gerð námsmatshandbókar	
Markmið	Að ljúka við gerð námsmatshandbókar
Verkþættir og verkaskipting	Orðaskil – 5. – 26. september TRAS – 26. september – 17. október HLJÓM-2 – 17. október – 7. nóvember Ferilmappa – 7. – 28. október
Viðmið um árangur	Haust 2017 -Allir starfsmenn lesi yfir alla kafla handbókarinnar og hafi tækifæri til að koma með athugasemdir Vor 2018 – námsmatshandbókin tilbúin
Tímamörk	Skólaárið 2017-2018
Bjargir	Efni sem var unnið í námsmatsverkefni skólaárið 2016-2017
Mat	Þróunarstjórn og stjórnendur halda utanum verkefnið og sjá til þess að verkefnið sé á réttu skriði miðað við tímaáætlun.

Síðastliðið vor vann allt starfsfólk að endurmati eftir skólaárið 2016-2017 og í umbótaáætlun sem unnin var í kjölfarið kemur fram hvað þarf að bæta og hvernig á að endurmeta.

Umbótaáætlun eftir endurmat júní 2017				
	Áætlanir um umbætur	Tímasetning umbóta	Tímasetning endurmats	Ábyrgðaraðili
Matmálstímar	Hafragrauturinn sé ekki of þunnur	September 2017	Janúar 2018	Guðrún Lilja
	Fjölbreyttari tegundir af ávöxtum og grænmeti	September 2017	Janúar 2018	Guðrún Lilja og Ásta
	Athuga hvort hægt er að hafa meiri fjölbreytni í morgunmat.	September 2017	Október 2017	Guðrún Lilja og Jóhanna
	Fjölbreyttara álegg	September 2017	Janúar 2018	Guðrún Lilja

	Matarvögnum skilað á réttum tíma	September 2017	Janúar 2018	Deildarstjórar
	Eldhús sé látið vita tímanlega ef á að borða úti	September 2017	Janúar 2018	deildarstjórar
Lestrarstundir	Orðaspjall sé notað á öllum deildum	September 2017	Janúar 2018	Allir
Frjálsi leikurinn	Athuga hljóðvist á Völusteini	September – október 2017	Janúar 2018	Stjórnendur og deildarstjóri og kennarar á Völusteini
	Frjálsi leikurinn skoðaður með tilliti til dagskipulags	Sept 2017- apríl 2018	Mái 2018	Stjórnendur og gæðaráð
Undirbúnings- tímar	Allt starfsfólk fái undirbúnings- tíma	Sept 2017- apríl 2018	Mái 2018	Stjórnendur og deildarstjórar
	Skoða að deildarstjórar fái sameiginlegan undirbúnings- tíma og eftir hádegi.	Sept 2017- desember 2017	Janúar 2018	Stjórnendur
	Deildarstjórar komist í tölvu 1x á dag í tengslum við bókarfund/kaffi	September 2017-apríl 2018	Mái 2018	Deildarstjórar og stjórnendur
Annað	Starfsfólk ekki með síma inni á deildum nema með leyfi deildarstjóra	September 2017- desember 2017	Janúar 2018	Allir
	Fá læstar hirslur fyrir skjalavörslu	2018	Desember 2018	Stjórnendur
	Bæta umgengni í þvottahúsi	September – desember 2017	Janúar 2018	Allir
	Nesti starfsmanna í ískáp á Völusteini	Sept – des 2017	Janúar 2018	Allir
Endurbætur í eldhúsi	Laga eldavélahellur	September 2017	Janúar 2018	Stjórnendur/ eignadeild
	Fá stærri ofn	September 2017	Janúar 2018	Stjórnendur/ eignadeild
	Laga símann	September 2017	Janúar 2018	Stjórnendur/ tölvudeild
	Nýr Svangi Mangi og ruslatunna	2018	Desember 2018	stjórnendur

Annað hvert ár sækir leikskólinn um endurnýjun Grænfánans og vorið 2018 eru komin tvö ár frá því við fengum grænfánann og því komið að endurnýjun. Börnin vinna ýmis verkefni í tengslum við grænfánaverkefnið og eru þau aðlöguð að aldri og þroska barna á hverri deild. Í verkþættir og verkaskipting hér fyrir neðan má sjá dæmi um þau verkefni sem unnin hafa verið.

Endurnýjun Grænfánans 2018	
Markmið	Að börnin taki þátt í moltugerð og læri hvernig hægt er að endurnýta hluti bæði úr náttúrunni og því sem fellur til á heimilum og fyrirtækjum í nærsamfélaginu. Börnin vinna verkefnið „Hvað ætla ég að verða þegar ég verð stór“ og skila í verkefnakistu Grænfánans.
Verkþættir og verkaskipting	Börnin tíndu laufblöð, þurkuðu og settu í moltutunnur, gerðu listaverk úr laufblöðum. Sóttu sag í moltutunnur í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Börnin fara með starfsmanni og tæma í moltutunnur og hjálpa til við að hræra og moka upp úr þeim sem eru tilbúnar. Fengum Haugána, börnin fylgjast með þeim breyta ávaxtahýði í mold. Börnin gera góðverk í Vinaminni, raka lauf og sópa, fá eldvið að launum. Börnin gefa föt í Rauðakrossinn og Nytjamarkaðinn. Umhverfisfundir barna einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um umhverfismál. Börnin koma á umhverfisfund starfsfólk og segja frá hvað þau ræddu á fundinum. Verkefnið „Hvað ætla ég að verða þegar ég verð orðin stór“ Í upphafi fræðast fræðast börnin um hvað er vinnustaður, síðan segja þau hvað þau ætla að verða þegar þau eru orðin stór. Í framhaldi af því verður farið í heimsókn á þá vinnustaði sem börnin hafa valið. Unnið verða verkefni í hópastarfi sem tengjast verkefninu.
Viðmið um árangur	Að börnin séu meðvituð um hvað orðið endurvinnsla felur í sér og þekki ferli moltugerðar. Að börnin hafi öðlast þekkingu á vinnustöðum í nærsamfélaginu.
Tímamörk	Skólaárið 2017 – 2018
Bjargir	Nærsamfélagið (Náttúran, heimili, fyrirtæki og stofnanir)
Mat	Börnin meta verkefnið með broskallamati. Umhverfisnefnd skilar skýrslu til Skóla á grænni grein og sækja um endurnýjun Grænfánans.

1.2. Leikskóladagatalið

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2017 - 2018



Nafn skóla:


Leikskólinn Álfeimar

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ Sumarfrí	1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 S Þiskadagur	1 Þ Verkalýðsdagurinn	1 F	1 S
2 M Sumarfrí	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F Dagur stærfræðinnar	2 F	2 M Annar í páskum	2 M	2 L	2 M
3 F Sumarfrí	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 Þ Blár dagur	3 F	3 S Stómennadagurinn	3 Þ
4 F Sumarfrí	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 S	4 M	4 F	4 M	4 M
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Sumarfrí
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ	6 Þ Dagur leikskólans - opið hús	6 F	6 S Vorskóli í Valfaskóla	6 M	6 F Sumarfrí
7 M Fridagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F Blár dagur - Baráttudagur oggn annelti	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F Vorhárð	7 L
8 Þ Sumarfrí	8 F Dagur læsis	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S
9 M Sumarfrí	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M Vorskóli í Valfaskóla	9 L	9 M Sumarfrí
10 F Leikskólinn opnar	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 F Vorskóli í Valfaskóla	10 F Úppátignardagur	10 S Sumarfrí
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M	11 M Sumarfrí
12 L	12 Þ	12 F Blekur dagur	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 L	12 Þ Starfsdagur - Lokað	12 F Sumarfrí
13 S	13 M	13 F Heiðing - Lokað	13 M	13 M	13 L Almað og rauður dagur	13 Þ	13 Þ Starfsdagur - Lokað Sprengidaga	13 F	13 S	13 M	13 F Sumarfrí
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 L
15 Þ	15 F Grænn dagur	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 F	16 M	16 M	16 L	16 M Sumarfrí
17 F Starfsdagur - Lokað	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F Hvítur dagur	17 S Lyðveldisdagurinn	17 Þ Sumarfrí
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 M	18 F	18 M	18 M Sumarfrí
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Lífu Jóh	19 M	19 M	19 F	19 S Sumardagurinn fyrsti	19 L	19 F Sumarfrí
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S Hvítasunnudagur	20 M	20 F Sumarfrí
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M Annar í hvítasunnu	21 F	21 L Rugldagur
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorkásmessa	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Sumarfrí
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F Útskriftarferð börn fædd 2012	24 S	24 Þ Sumarfrí
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 M	25 M Sumarfrí
26 L	26 Þ	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 S	26 Þ	26 F Annar í júlum	26 M	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F Sumarfrí
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F Sumarfrí
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 L
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 L	29 F Skírdagur	29 S	29 Þ	29 F	29 S
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 F Fóstudagurinn langi	30 M	30 M	30 L	30 M Sumarfrí
31 F		31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M		31 L		31 F Útskrift börn fædd 2012		31 Þ

Þi og með 8 ágúst 2018.
Opnum aftur fim 9 ágúst

2. Stjórnskipan Álfheima

Starfsheiti	Nafn	Netfang	Símanúmer
Leikskólastjóri:	Jóhanna Þórhallsdóttir	johannath@arborg.is	480-3242
Aðstoðarleikskólastjóri:	Eva Hrönn Jónsdóttir	evahronn@arborg.is	480-3243
Sérkennslustjóri:	Guðrún Ósk Guðjónsdóttir	gudrunosk@arborg.is	480-3248
Deildarstjóri Álfasteins	Lísbet Nílsdóttir	lisbet@arborg.is	480-3244
Deildarstjóri Dvergasteins	Hanna Rut Samúelsdóttir	hannarut@arborg.is	480-3245
Deildarstjóri Óskasteins	Birna Jóhanna Sævarsdóttir	birnajs@arborg.is	480-3246
Deildarstjóri Völusteins	Guðný Birgisdóttir	gudnyb@arborg.is	480-3247



3. Mat á skólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Innra mat er mikilvægur hluti af skólastarfinu og á að fara fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið. Samkvæmt Aðalnámskrá á að það veita upplýsingar um starfshætti leikskólans og stuðla um leið að umbótum og þróun skólastarfsins.

Matsáætlun Álfheima er til 4 ára og skal endurskoða hana á hverju hausti.

3.1. Matsáætlun 2017-2021

	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021	Leiðir
Stjórnun					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x		Skólapúlsinn, starfsmannaviðtöl
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x	Skólapúlsinn, starfsmannaviðtöl, fjárhagsáætlanagerð
Faglegt samstarf	x	x	x	x	Skólapúlsinn, starfsmannaviðtöl
Leikskólabróun og starfsþróun	x	x	x	x	Starfsmannaviðtöl
Skólanámskrá		x			Yfirfarin og uppfærð 3. Hvert ár
Starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x	Yfirfarið og uppfært á hverju ári
Skipulag náms og námsaðstæður					
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x	Skólapúlsinn, endurmat, greining gagna
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x	Skólapúlsinn, endurmat, greining gagna, námsáætlanir
Leikur, nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x		x		Skráningar, TRAS, broskaralistar, grænfánaumsókn, námsáætlanir
Námssvið leikskólans	x	x	x	x	Námsáætlanir, skráningar, gagnagreining
Leikskóli án aðgreiningar	x		x		Skráningar, gagnagreining
Mat á námi, líðan og velferð barna	x	x	x	x	TRAS, HLIÓM-2, orðaskil, Ferilmöppur, skráningar
Hlutverk leikskólakennara					
Hlutverk leikskólakennara	x		x		Skólapúlsinn
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x	Skólapúlsinn, starfsmannaviðtöl
starfsánægja	x	x	x	x	Skólapúlsinn, starfsmannaviðtöl
Leikskólabragur					
Viðmót og menning		x		x	Skólapúlsinn, foreldraviðtöl, spurningalistar
Þátttaka foeltra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		x	Skólapúlsinn, foreldraviðtöl, spurningalistar
Viðhorf foreldra		x		x	Skólapúlsinn, foreldraviðtöl, spurningalistar
Innra mat					
Framkvæmd	x	x	x	x	Allt skólaárið
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x	Allt skólaárið
Opinber birting og umbætur	x	x	x	x	Ársskýrsla og heimasíða leikskólans.

4. Símenntunaráætlun Álfheima

Símenntunaráætlun Álfheima er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Hún er gerð með áherslur á styrkleika og veikleika leikskólans í huga. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk ber ábyrgð á eigin símenntun það er að greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn.

Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Við skipulag símenntunar er reynt að samræma þarfir leikskólans og óskir starfsmanna eins og kostur er. Símenntun á að stuðla að þróun skólans og áherslum í starfi hans. Mælt er með að kennarar sækji námskeið sem skólaþjónusta Árborgar stendur fyrir, að kennarar fylgist með námskeiðahaldi í sinni námsgrein og beri fram óskir til skólastjóra. Kennarar sækja fræðslu á haustþingi og á sameiginlegum fundum innan skólaþjónustu Árborgar auk fræðslu á starfsdögum.

5. Yfirlit yfir símenntun

Símenntun	Tilgangur og efni	Tímafj	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Hvar
Starfsdagur 17.ágúst 2017	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Starfsmannafundur ✓ Fyrirlestur um grænfánann – Anna Gína ✓ Fyrirlestur um hegðun - Lucinda ✓ Fyrirlestur frá Brunavörnum Árnassýslu ✓ Deildarfundir 	8 klst. 8:00-16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfheimar Sunnulækja- skóli
Hautþing 13.október 2017	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Efla faglega þekkingu starfsfólks. ✓ Fjölbreytt endurmenntun fyrir allt starfsfólk sem nýtist beint í starfið. 	6,5 klst. 9:00-14:30	Þátttökugjald fyrir alla starfsmenn	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Hótel Selfoss
Starfsdagur 16. nóvember 2017	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Starfsmannafundur ✓ Móttaka flóttabarna – Sólveig B. Sveinbjörnsdóttir og fl. ✓ Líkamsbeiting – Guðrún Herborg 	8 klst. 8:00-16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfheimar
Starfsdagur 13. febrúar 2018	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Starfsmannafundur ✓ Hópavinna – einkunnarorð Álfheima ✓ Deildarfundir ✓ Sameiginlegt með öðrum leikskólum Árborgar, kynningar á starfi hvers leikskóla 	8 klst. 8:00-16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfheimar Jötunheimar Hulduheimar
Skóladagur Árborgar 14. mars 2018	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Efla faglega þekkingu starfsfólks ✓ Fjölbreytt endurmenntun fyrir allt starfsfólk sem nýtist beint í starfið. 	8 klst. 8:00-16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Árborg
Starfsdagur 12. júní	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Endurmat ✓ Útikennslunámskeið 	8 klst.	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Álfheimar Ekki ákveðið

Tillögur að efni á starfsdögum (niðurstöður úr starfsmannasamtölum):

- Námskeið um börn með hegðunarvandamál
- Tvítýngi
- Skyndihjálpi
- Fræðsla um umhverfismennt
- Útikennsla
- Leikurinn